

Ed. 227. Frumvarp til laga [127. mál]

um breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 8 22. mars 1972.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. des.)

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. komi svofelld viðbót:

Eigi er þó heimilt á árinu 1977 að leggja fasteignaskatt á byggingar, fyrr en þær hafa verið teknar til afnota eða eru fullgerðar.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða:

„Á árinu 1977 er ekki heimilt að hækka gjöld af fasteignum umfram það, sem leyfilegt hefði verið samkvæmt aðalmati fasteigna er gildi fyrir 31. desember 1976, að viðbættu 236% álagi. Heimild þessi tekur til notkunar fasteignamatsins til ákvörðunar gjalda til sveitarfélaga á árinu 1977, sem reiknuð eru sem hlutfall af fasteignamati.“

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.